

ERINDISBRÉF

Skólanefndar Hrunamannahrepps

I. Kafli: Almenn ákvæði

1. gr.

Skólanefnd er skipuð af sveitarstjórn Hrunamannahrepps skv. 6. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 4. grein laga nr. 90/2008 um leikskóla. Skólanefnd Hrunamannahrepps skal fjalla um málefni beggja skólastiga sbr. ofanefnd lög. Nefndin er jafnframt samstarfsvettvangur Skeiða- og Gnúpverjahrepps í málefnum grunnskólans að svo miklu leyti sem verkefni heyra undir bæði sveitarfélög.

Skólanefnd skal starfa samkvæmt fyrrgreindum lögum, erindisbréfi þessu, sem sveitarstjórnir hafa staðfest og almenningur skal hafa aðgang að, skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndin skal starfa að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og sveitarstjórnir fela henni.

2. gr.

Skólanefnd er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skipar formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 4. grein laga nr. 90/2008 um leikskóla eiga auk skólanefndarmanna eftirtaldir aðilar rétt til setu á skólanefndarfundum, með málfrelsi og tillögurétt:

A. Málefni grunnskóla

- skólastjóri Flúðaskóla eða staðgengill hans
- fulltrúi kennara
- fulltrúi foreldra

B. Málefni leikskóla

- leikskólastjóri eða staðgengill hans
- fulltrúi starfsfólks
- fulltrúi foreldra

Á fundum nefndarinnar fyrir Flúðaskóla eiga að auki sæti 2 fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem hafa einnig atkvæðisrétt um málefni er snúa að nemendum í 8. til 10. bekk.

Tilnefningar í skólanefnd, aðrar en þær sem sveitarstjórnir skipa, skulu tilgreina einn aðalmann og einn varamann í upphafi hvers kjörtímabils. Auk ofanefndra fulltrúa á sveitarstjóri rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Þá er einnig heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

3. gr.

Markmið með starfi skólanefndar er að vinna að fræðslumálum í Hrunamannahreppi, einkum og sér í lagi í tengslum við þær menntastofnanir sem reknar eru í sveitarfélaginu og fylgja eftir þeim stefnum og markmiðum sem sveitarstjórn hefur sett varðandi þá málaflokka sem undir nefndina heyra.

Nefndin skal í störfum sínum ávallt setja almannahagsmuni ofar hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa. Skólanefnd er ráðgefandi nefnd og þurfa tillögur hennar umfjöllun og afgreiðslu sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórna, nema nefndinni hafi áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála. Ákvarðanir skólanefndar sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrir en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar.

II. Kafli: Verkefni

4. gr.

Lögbundið hlutverk skólanefndar er sem hér segir sbr. lög nr 91/2008 um grunnskóla:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólustarfi,
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,

- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda sem og aðstaða fyrir frístundaskóla,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að hafa eftirlit með innra og ytra mati á gæðum skólastarfs
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd skal einnig hlutast til um eftirfarandi meginmarkmið laga nr. 90/2008 um leikskóla:

- að staðfesta skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans,
- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.
- að hafa eftirlit með innra og ytra mati á gæðum leikskólastarfs
- auk þess skal skólanefnd móta tillögur að stefnu í skóla- og menntamálum sveitarfélagsins og leggja fram til sveitarstjórnar.

Önnur verkefni skólanefndar eru meðal annars:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skólamálum þar með talið tónlistarskóla og frístundaskóla.
- Að fylgjast með að einstaka áætlanir og stefnumál sem skólarnir hafa sett sér, sé framfylgt eins og td. jafnréttisáætlun og áætlun gegn einelti
- Að fylgjast með framkvæmd laga um grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og æskulýðslaga sem og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar.
- Að sinna mats- og eftirlitskyldum skv. lögum sem nefndin starfar eftir.
- Að fjalla um og undirbúa gerð skólamannvirkja og nýtingu þeirra í samvinnu við viðkomandi nefndir/ráð sveitarfélagsins.
- Að fylgjast með og stuðla að því að skólarnir hafi aðgang að sérfræðiþjónustu.
- Að veita sveitarstjórn umsögn um ráðningu skólastjóra.
- Að veita umsögn um reglur og gjaldskrár fyrir þær stofnanir sem nefndin hefur umsjón með.
- Að veita umsögn um tillögur skólastjóra og forstöðumanna að verkefnum í tengslum við fjárhagsáætlunargerð til sveitarstjórnar.
- Að stuðla að tengslum og samstarfi leik- og grunnskóla annars vegar og grunn og framhaldsskóla hins vegar,
- að hafa samráð við heilbrigðisþjónustu og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu í skólum.
- Að hafa eftirlit með skólaakstri nemenda,
- Að hafa samvinnu við nefndir og ráð sveitarfélagsins er varðar málefni barna.
- Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni.

III. Kafli: Fundir og starfshættir

5. gr.

Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

6. gr.

Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Formaður sendir út fundarboð og sendir út þær afgreiðslur sem þurfa þykir að loknum fundi og að fenginni staðfestingu sveitarstjórnar, nema nefndin ákveði annað. Formaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykta nefndarinnar.

Boðað er til funda svo oft sem þurfa þykir og stýrir formaður fundum. Funda skal eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Boðað skal til fundar ef skólastjóri og að minnsta kosti tveir nefndarmenn óska eftir því enda sé fundarefni tilgreint. Fundarboðun skal almennt vera rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn nefndarmanna mælir gegn því.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum.

7. gr.

Rita skal rita fundargerð í tölvu. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum og skjölum skólanefndar, lög, reglugerðir og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórnnum til kynningar og/eða samþykktar að loknum hverjum fundi. Einnig skal senda viðkomandi grunn- og leikskólum fundargerðir nefndarinnar. Nefndarmenn og allir þeir sem eiga seturétt á fundum nefndarinnar skulu einnig fá afrit af fundargerðum hennar. Sveitarstjórnir sjá um birtingu fundargerða nefndarinnar á vef viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin heldur sértaka trúnaðarmálabók, þar sem skráð er afgreiðsla mála er varða einkahagi og persónuleg mál. Bók þessi skal geymd á öruggum stað, ásamt öðrum þeim gögnum sem varða afgreiðslu slíkra mála. Slík mál skulu ekki skráð í almenna fundargerðarbók nefndarinnar. Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. kafli Réttindi og skyldur nefndarmanna

8. gr.

Fjallað er um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa í VI. kafla samþykktar um stjórn sveitarfélagsins sem og í IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. Kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

9. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi skólanefndar nema lögmæt forföll hamli. Nefndarmaður tilkynnir forföll til formanns nefndar og boðar sjálfur varamann sinn.

Skólanefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

10. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar. Þeir sem sitja fundi skólanefndar skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu. Á nefndinni hvílir einnig upplýsingaskylda til þeirra er mál varða, og skal við það miðað að formaður greini þeim frá úrslitum mála, en ekki aðrir nefndarmenn eða áheyrnarfulltrúar.

11. gr.

Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Hrunamannahrepps.

Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spilt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins.

12. gr.

Fundarþóknun skal vera í samræmi við þóknun annarra nefnda á vegum sveitarfélagsins.

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnáslulaga nr. 37/1993.

V. kafli Gildistaka

13. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnáslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps nr. 251/2022.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 18. janúar 2024 og tekur þegar gildi.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps